LEGGJUMST Á ÁRARNAR
- drögum úr eldsneytisnotkun fiskiskipa

Leggjumst á árarnar er greinaflokkur um mögulegar leiðir til að draga úr eldsneytisnotkun íslenska fiskiskipaflotans. Efnið verður birt í Útvegsblaðinu og víðar, s.s. á heimasíðum samtaka og fyrirtækja er þess óska. Helstu styrktaraðilar eru Orkusjóður og Útvegsblaðið.

Umsjónarmaður: Karl Eskil Pálsson.

HLUTI 4 AF 6

Þróunin í orkusparandi búnaði er ör
- segir framkvæmdastjóri Solmar ehf.

Fyrirtækið Solmar var sett á laggirnar á síðasta ári og veitir meðal annars sjávarútvegsfyrirtækjum ráðgjöf hvernig hægt er að draga úr olíunonotkun skipa. Helstu verkefni fyrirtækisins hafa snúið að því að benda á hagræðingu í rekstri raforkukerfa og segir Óttar Már Ingvason framkvæmdastjóri að starfsemin hafi farið vel af stað, enda starfsmenn fyrirtækisins og samstarfsaðilar með haldgóða menntun og reynslu á þessu sviði. Hann segir að búnaður sem knúinn er rafmagni kalli gjarnan á truflanir í rafmagnskerfum, sem leiði af sér óþarfa eyðslu olíu.

„Það hefur færst í aukana að útgerðir velji rafknúinn búnað í skipin í stað vökvaknúins. Rafknúnar vindur og hliðarskrúfur eru að verða nær allsráðandi í nýjum skipum. Þessi búnaður nýtir orkuna betur og er yfirleitt mun hagkvæmari í rekstri en vökvaknúin en hann er þó ekki alveg gallalaus. Helsti gallinn við hann er að hraðastýribúnaður fyrir rafmótorana getur í mjög mörgum tilfellum valdið yfirtíðnibjögun og óæskilegum truflunum í viðkomandi rafkerfi. Afleiðinginn er orkusóun og hætta á aukinni bilanatíðni í tækjum. Solmar selur búnað til að sía út slíkar truflanir úr rafkefum, svokallaðar rafbjögunarsíur sem eru framleiddar hér á landi af HBT. Í þeim skipum sem síurnar hafa verið settar upp hefur olíunotkunin minnkað svo um munar en hvert prósent sem hægt er að spara í olíu skiptir alltaf miklu máli í þessum efnum, því olían er einn stærsti útgjaldaliðurinn í rekstri skipa. Að jafnaði borgar slík fjárfesting sig upp á mjög skömmum tíma.“

Óttar segir að íslenskar útgerðir hugi í auknum mæli að orkusparandi aðgerðum um borð í skipum sínum.

„Jú, það má segja að áhuginn á þessum lausnum sé að aukast með hækkandi olíuverði. Það liggja víða tækifæri til orku- og olíusparnaðar , það er víða verið að sóa og henda nýtanlegri orku út í loftið. Við val á tækjabúnaði er eins og tilboðsverð ráði oft ferðinnifrekar en rekstrarkostnaður búnaðarins í framtíðinni. Þróunin í orkusparandi búnaði er nokkuð ör og við hjá Solmar erum staðráðin í því að fylgjast vel með og benda viðskiptavinum okkar á hagkvæmustu lausnir sem til eru á hverjum tíma. Allt bendir til þess að olía verði áfram mjög dýr í náinni framtíð og þá skiptir auðvitað miklu máli að nýta hana sem best. Með því að fara vel yfir alla þætti og tækjabúnað má oft ná fram umtalsverðum orkusparnaði og auka líftíma búnaðar, sem á endanum lækkar kostnað við veiðar,“ segir Óttar Már Ingvason hjá Solmar.





NOKKRIR SMÁBATAR
Reyna innanlendan orkugjafa á næsta ári.

Framleiðsla á bíódísil að hefjast fyrir alvöru hér á landi:

Útgerðarfyrirtæki sýna framleiðslunni mikinn áhuga

Siglingastofnun Íslands hefur unnið að verkefni um umhverfisvæna orkugjafa frá árinu 2008 og nú má segja að von sé á sýnilegum árangri. Næsta sumar er stefnt að því að vélar nokkurra smábáta noti innlent eldsneyti til reynslu, svokallaðan bíódísil. Jón Bernódusson, verkfræðingur hjá rannsókna- og þróunarsviði Siglingastofnunar segir að í raun sé hægt að setja bíódísil á allar dísilvélar.

„Með því að rækta svokallaða vetrarrepju er hægt að framleiða bíódísil, en repjan er náskyld gulrófunni. Í sumar var sáð í um 100 hektara lands og gangi allt að óskum ættum við að geta framleitt á næsta ári um 100 tonn af eldsneyti. Repjunni er sáð í júlí, uppskeran fer fram rúmu ári síðar. Við pressun repjunnar fæst úrvals fóðurmjöl og einnig jurtaolía, sem breytt er í bíódísil og er hann sambærilegur venjulegri dísilolíu.“

Í landinu eru nú til tvær olíupressur til að vinna fóður og eldsneyti og við gerum okkur vonir um að fleiri bætist við á næsta ári. Önnur er á Þorvaldseyri undir Eyjafjöllum og hin er í höfuðborginni.

„Við stefnum að því að framleiða um 100 tonn af eldsneyti á næsta ári. Til þess þurfum við um 100 hektara af landi og reynslan sýnir okkur að hver hektari lands gefur af sér um eitt tonn af olíu.“

Jón segir um að ræða mjög svo þjóðhagslega hagkvæmt verkefni. Framleiðslan sé innlend, bændur fái auknar tekjur, einnig þeir sem starfi við framleiðsluna með einum eða öðrum hætti. Hann segir ákjósanlegast að rækta repju á svæðum sem ekki eru nú nýtt til ræktunar, einnig sem landgræðsla.

„Útgerðirnar hafa verið mjög áhugasamar um að nota þennan innlenda orkugjafa, þannig að framtíðin lofar góðu. Bíódísill hentar smábátaflotanum klárlega vel og eigendur stærri skipa vilja prófa þennan innlenda orkugjafa á ljósavélarnar til að byrja með. Fyrirspurnirnar eru margar, þannig að áhuginn leynir sér ekki.“



JÓN BERNÓDUSSON
Við aðra vélina sem til er hérlendis til að framleiða díódísil

Jón segir að repjuolía skaði ekki grunnvatn eða neysluvatn, jarðefnadísill sé aftur á móti skaðlegur grunnvatni og neysluvatni og leysist þar illa og seint upp, jafnvel á áratugum. Hann sér fyrir sér að framleiðsla á bíódísil fari fram í öllum landshlutum í framtíðinni.

„Já það geri ég. Hagsmunirnir eru augljósir. Við höfum næga tækniþekkingu og land, þannig að framtíðin er nokkuð björt í þessum efnum. Næsta haust munu nokkrir smábátar nota bíódísil og spá mín er sú að eftir nokkur ár verði þessi orkugjafi orðinn nokkuð algengur hér á landi.“

LANDSSAMBAND smábátaeigenda
Útvegsblaðið
Félag vélstjóra og málmtæknimanna - örugg með okkur
HBT